

---

## FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 1999-03

Fundartími: Föstudagur 17. september 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Þróun flugsamgangna næstu ár og áratugi. Leifur Magnússon hjá Flugleiðum mætir á fundinn.
2. Þróun fiskveiða. Sigfús Schopka frá Hafrannsóknastofnun mætir á fundinn.
3. Almennar forsendur orkuspáa.
4. Störf eldsneytishóps.
5. Eldsneytisnotkun 1998 og samanburður við spá.
6. Störf raforkuhóps.
7. Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
8. Störf jarðvarmahóps.
9. Skipan orkuspárnefndar.
10. Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Porkell Helgason

Pétur E. Þórðarson

Haukur Pálmason

Katrín Ólafsdóttir

Magnús Magnússon

Rán Jónsdóttir

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Flugleiðir:

Leifur Magnússon

Hafrannsóknastofnunin:

Sigfús Schopka

1. ÞH bauð Leif Magnússon velkominn á fundinn og rakti ástæðu þess að hann væri fenginn á fundinn. Leifur dreifði greinargerð: "Áætluð þróun flugflutninga Flugleiða og flugflota félagsins". Einnig afhenti hann nefndinni ársskýrslu Flugleiða fyrir síðasta ár og "Traffic Statistic". Hann benti á alþjóðlegar spár um þróun flutninga með flugi og benti sérstaklega á spá frá Boeing (<http://www.boeing.com/comercial/com>). Þar er búið við að tímabilið 1999-2018 muni flugfarþegum fjölga um 4,7% á ári og fraktflutningar aukist um 6,4% á ári miðað við 2,8% á ári hagvöxt. Milli Evrópu og N-Ameríku er áætluð aukning farþega 3,7% á ári og innan Evrópu 4,3% á ári. Flugleiðir gera því ráð fyrir 3,9% aukningu á ári í farþegaflutningum og 5,3% aukningu í fraktflutningum á ári. Fjöldi farþega í innanlandsflugi taldi hann aftur á móti að mundi standa í stað.

Varðandi flugflotann sagði Leifur að Flugleiðir væru nú með 11 þotur og 3 skrufuþotur í rekstri. Ein þessara þotna er að hverfa úr rekstri þar sem um er að ræða Boeing 737-300F fraktvél sem stærri Boeing 757-200F þota var að leysa af hólmi. Mörkuð hefur verið sú stefna að byggja flugflota félagsins á Boeing 757 vélum og er miðað við að frá og með sumaráætlun 2002 verði þær einungis í notkun hjá félaginu. Félagið er með 4 Boeing 757 þotur í fastri pöntun til afgreiðslu á árunum 2000-2003 og eru tvær þeirra af gerðinni B757-300 sem eru með 7m lengri skrokk en 757-200 og munu væntanlega taka 227 farþega í stað 189 eins og er í B757-200 þotum félagsins. Félagið á síðan umsaminn kauprétt á fjórum B757 þotum til viðbótar. Leifur rakti síðan eldsneytisnotkun Flugleiða og áætlaði að hún yrði um 150 þúsund tonn árið 1999 (JV: 134 þúsund tonn 1998). Hann rakti síðan áætlaða þróun flugflota félagsins og sagði að formlega samþykkt áætlun næði einungis til ársins 2003. Hann miðaði þá við þær forsendur varðandi farþegafjöldann og fraktflutningana sem áður voru raktir og yrði þá fjöldi flugvéla í rekstri kominn í 31 vél og þar af væru millilandavélar 27 úr 10 núna. Samkvæmt þessu mundi eldsneytisnotkun félagsins verða um 550 þúsund tonn árið 2030. Hann taldi að ekki væru framundan neinar verulegar breytingar varðandi eldsneytiseyðslu flugvéla og taldi að stærstu breytingarnar þar væru gengnar yfir. Hann benti á að í samanburði við bíl með 2 mönnum væri B757-200 þota með 70% sætanýtingu um 10% hagkvæmari hvað eldsneytisnotkun áhrærði.

Flugvélaframleiðendur teldu að til 2018 yrði áfram notað hefðbundið eldsneyti á flugvélar.

ÞH spurði hvort mikil umræða væri um takmörkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda í fluginu. Leifur sagði að Evrópusamtök flugfélaga fylgdust vel með slíkum hlutum og reyndu að vinna gegn því að settur verði skattur á útblástur flugvéla. Eldsneytiskostnaður er um 11% af verði flugmiða. JV sagði að flutningar Flugleiða hafi aukist mjög mikið á allra síðustu árum og samkvæmt þessum tölum væri verið að miða við mun minni aukning á næstu árum. Leifur sagði að markvisst hefði verið stefnt að því að stækka fyrirtækið til að fá það af hagkvæmari stærð. Slíkt hefði tekist og nú ætti að leggja áhersluna á að bæta afkomuna. RJ spurði hver væri hlutdeild Flugleiða í millilandafluginu að og frá landinu og sagði Leifur að hún væri um 85%. ÞH þakkaði Leifi þá fyrir komuna og vék hann af fundi.

2. ÞH bauð þá Sigfús Schopka velkominn á fundinn. Hann sagðist hafa farið yfir tölur þær sem nefndin hefur verið með varðandi jafnstöðuafla og gaf upp eftirfarandi tölur:

	Jafnstöðuaflí Almennar forsendur frá 1998 Þúsund tonn	Jafnstöðuaflí Sigfús Schopka frá 1999 Þúsund tonn
Þorskur	325	360-370
Ýsa	55	55
Ufsi	70	70
Karfi	130	130
Grálúða	30	30
Annar botnfiskur	60	60
Loðna	800	800
Síld	300	300
Hryggleysingar	95	50
Fjarlæg mið	25	20
Kolmuni	0	60

Sigfús sagði að hann teldi að þorskafli gæti orðið meiri en ráð var fyrir gert en rækjuveiði mundi minnka samhliða stækkun þorskstofnsins. Góðir seiðaárgangar væru hjá þorskinum árin 1997, '98 og '99 sem gætu farið að skila auknum afla árið 2002. Kvóti er komin á veiðar bæði í Barentshafi og á Flæmingjagrunni og því væri afli á fjarlægum miðum minnkaður. Annað taldi hann að gæti verið óbreytt frá eldra mati. Hann sagði að menn vissu ekki alveg afkastagetu úthafskarfans en hann hefði væntanlega verið ofveiddur á undanförnum árum en á móti gætu aðrir karfastofnar skilað auknum afla. Hann sagði að nýlega hefði verið farið að veiða gulllax og hefði veiðin verið 15 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiári og miðað væri við 12 þúsund tonn á þessu ári. Veiðst hefðu 65 þúsund tonn af kolmuna á síðasta ári og taldi hann að okkur hluti í þeim stofni gæti numið um 60 þúsund tonna afla.

JV spurði hvort búast mætti við einhverjum nýjum tegundum í aflanum á næstu árum. Sigfús sagði að erfitt væri að meta það. Hann sagði að sandsíli væri mikið veitt í nágrannalöndunum en slíkt hefði reynst erfitt hér þar sem þau blandast mikið saman við t.d. ýsuseiði og því óvíst að rétt væri að stuðla að slíkri veiði. Einnig benti hann á spærling sem menn hefðu að vísu gefist upp á að reyna að nýta fyrir nokkrum árum. Í úthafinu væri mikið af Laxsíld sem væri svartur fiskur sem óljóst væri hvernig væri hægt að nýta. Reynt hefði verið að bræða hann en erfiðlega gekk að selja mjölið vegna þess hve dökkt það var. Ýmsir aðrir stofnar væru einnig til staðar en flestir þeirra þoldu einungis litla veiði. Loðnuveiði gæti orðið mikil á næstu vertíð eða allt að 1.300 þúsund tonn. ÞH spurði um stærð fiskiskipaflotans. Sigfús sagði að flotinn væri farinn að minnka en hann gerði ráð fyrir að áfram mundi aukast vinnsla afla á hafi úti. Ekki væri þörf á að stækka flotann þó svo að þorskafli færi vaxandi. Hann benti einnig á að risabotnvörpur hefðu kallað á aukna olíunotkun. KÓ spurði hvort aukning fjölveiðiskipa kallaði ekki á aukna olíunotkun og taldi Sigfús svo vera. Sigfús afhenti nefndinni nokkur eintök af skýrslunni: "Nytjastofnar sjávar 1998/1999. Aflahorfur fiskveiðiárið 1999/2000". Sigfús vék þá af fundi og þakkaði ÞH honum fyrir komuna.

3. JV sagði að vinna við almennar forsendur væri vel á veg komin en að þó væru ekki komnar upplýsingar varðandi þjóðhagsáætlun sem birt er í byrjun október, Útvegur er ekki komin út en er væntanlegur á næstunni, rit um vinnumarkaðinn er væntanlegt í september og einnig vantar nokkrar tölur varðandi framleiðslu einstakra atvinnugreina. Væntanlega verður hægt að ganga frá almennu forsendunum í þessum mánuði eða byrjun þess næsta.
4. JV dreifði einu blaði varðandi störf eldsneytishóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Gögn ársins 1998 um eldsneytisnotkun liggja nú fyrir en þau áttu að vera tilbúin í apríl síðastliðnum en voru ekki komin fyrr en um mitt sumar. Fiskifélag Íslands tekur ekki lengur saman upplýsingar um eldsneytiskaup fiskiskipa

erlendis og því var beitt annarri aðferð en áður til að meta þá notkun. Fundin var fylgni milli fiskafla sem seldur var erlendis auk veiða á Flæmingjagrunni við áætluð eldsneytiskaup erlendis. Síðan var sú jafna sem þar var fengin notuð til að áætla eldsneytiskaupin árið 1998. Eldsneytishópurinn ákvað að nota þessa áætlun og stefna að því að endurskoða þetta á nokkurra ára fresti. Ákveðið var að stefna að því að vera tilbúnir með gögn ársins 1999 núna í vor og ætla olíufélögin að skila inn gögnum í síðasta lagi í apríl. Stefnt er þá að því að ný eldsneytisspá verði tilbúin næsta vor. MM sagði að Hagstofa Íslands væri búin að taka yfir söfnun og útgáfu upplýsinga um fiskveiðar sem birst hafa í ritinu Útvegur og taldi hann að þeir gætu jafnvel áætlað eldsneytiskaup fiskiskipa erlendis. MM var falið að kanna hvort það væri mögulegt.

5. JV dreifði töflum um eldsneytisnotkun 1983-98 ásamt myndum þar sem sýndar eru rauntölur síðustu ára og spá fyrir næstu ár. Þar kemur fram að innlenda notkunin er nú mjög svipuð og spáð var. Notkunin minnkar frá fyrra ári en þá voru rauntölurnar heldur hærra en spáin. Millilandanotkunin er aftur á móti mun meiri en ráð var fyrir gert vegna mun meiri notkunar þotueldsneytis en spáin gerði ráð fyrir. Það er því greinilegt að ekki var rétt að lækka spána um þennan þátt eins og gert var við lokafrágang hennar árið 1995. Annars hefur spáin staðist mjög vel og segja má að notkun eftir þáttum sé mjög svipuð og spáð var fyrir fjórum árum nema hvað varðar flugið en flutningaskipin eru einnig heldur lægri en spáð var. Einnig benti hann á að þessar töflur væru komnar út á heimasíðu nefndarinnar.
6. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Endurreikningur raforkuspár er vel á veg komin og Landsvirkjun hefur fengið bráðabirgðaniðurstöður. Hópurinn ákvað að miða við að Áburðarverksmiðjan mundi verða starfrækt næstu fimm árin en undanfarin ár hefur verið miðað við eitt ár í einu. Notkun Ísal er aukin um 10 MW. Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins liggur fyrir. Gögn eru sett jafn óðum inn á heimasíðu nefndarinnar og nýjustu gögnin er að finna undir Endurreiknaðri spá 1999. Hópurinn hefur útbúið töflur um þróun raforkunotkunar hjá einstaka veitum svipað og fyrir landið í heild en þeim töflum verður ekki dreift utan hópsins.
7. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 11,0% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 21,5%, almenn notkun vex um 0,8% og flutningstöpin minnka um 21%. Nú er eigin notkun LV greind í fyrsta skipti frá flutningstöpunum á þessu yfirliti og minnkar hún um 0,5%. Þegar einungis er litið á almenna forgangsorku vex hún mikið eða um 4,0% en almenna ótryggða orkan minnkar um 18,2%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. Einnig hefði minni notkun á ótryggðri orku áhrif hér. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðrétta út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á fyrri helmingi ársins er kaldara en á síðasta ári en svipað og í meðalári. Aukningin minnkar við leiðréttingu og verður 0,2%. Aukning er 3,5% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 19,3% (leiðrétt). Minnkun í ótryggðri orku skýrist mest af skerðingu frá Landsvirkjun í janúar

en einnig var minnkun í mars og apríl væntanlega vegna þess að loðnuvertíð gekk ekki eins vel og menn höfðu ætlað. Á síðasta ári var lítil aukning á fyrsta ársfjórðungi m.a. vegna sjómannaverkfalls og skýrir það væntanlega hluta aukningarinnar í janúar og febrúar.

8. JV dreifði einu blaði um störf jarðvarmahóps í fjarveru Árna Ragnarsson og sagði að hópurinn hefði haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Í sumar var unnið að úrvinnslu gagna sem liggja fyrir um notkun jarðhita hér á landi, m.a. mælingum sem gerðar hafa verið í gróðurhúsum. Þessari vinnu verður haldið áfram í haust og tekið saman yfirlit um alla helstu þætti jarðhitanýtingar. Á síðasta fundi jarðvarmahópsins var farið lauslega yfir þau drög að jarðvarmaspá sem fyrir liggja og rætt um framhald vinnu við gerð hennar. Uppfæra þarf drögin með nýjum upplýsingum og bæta við ýmsu sem þar vantar. Samhliða því er ætlunin að vinna við sjálfan spáhluta skýrslunnar. Gert er ráð fyrir að hópurinn haldi a.m.k. 4 fundi fram að áramótum. Jarðvarmahópurinn ræddi um að styrkja hópinn með því að fjölga fulltrúum í hópnum. Núna eru þar fjórir fulltrúar, en voru áður fimm. Hópurinn leggur til að einum eða jafnvel tveimur fulltrúum verði bætt við. Hópurinn er ekki tilbúinn með ákveðnar tillögur um nýja fulltrúa en óskar eftir samþykki Orkuspárnefndar við að hann finni sér heppilega aðila til að bætast í hópinn. PEP spurði hvort ekki þyrfti að endurskoða húshitunarspá frá grunni samhliða gerð jarðvarmaspár. JV sagðist endurreikna þá spá á hverju ári en síðast hefði hún verið endurskoðuð samhliða raforkuspá og eðlilegt væri að gera slíkt samhliða jarðvarmaspá þar sem húshitun væri stærsti notandi jarðvarma.
9. JV sagði Júlíus hjá Hitaveitu Suðurnesja hefði ekki getað mætt á þennan fund eins og ráðagert var en væntanlega mun hann mæta á næsta fund. ÞH spurði hvort Orkuveita Reykjavíkur hefði tekið ákvörðun um skipan annars fulltrúa í nefndinni í kjölfar komu Guðmund Þóroddsson á síðasta fund. HP sagði svo ekki vera en hann ætlar að ræða þetta við Guðmund. ÞH lagði til að jarðvarmahópurinn fengi frjálsar hendur til að finna nýja fulltrúa og var það samþykkt. ÞH nefndi einnig að æskilegt væri að hitaveitur tækju þátt í kostnaði við jarðvarmaspána og að olíufélögin tækju þátt í kostnaði við eldsneytisspána.
10. ÞH sagði að send hefði verið fréttatilkynning til Morgunblaðsins á ágúst vegna umræðna í fölmíðlum um orkunotkun og orkuspár. JV sagði að hún væri einnig á heimasíðu nefndarinnar. KÓ fór fram á að fá tilkynningu í tölvupósti þegar fundargerð verður komin út á netið og var samþykkt að senda slíkt til nefndarmanna.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 12. nóvember kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:20.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- "Áætluð þróun flugflutninga Flugleiða og flugflota félagsins". (Leifur Magnússon)
- Flugleiðir: "Ársskýrsla 1998". (Leifur Magnússon)
- Icelandair: "1998 Traffic Statistic". (Leifur Magnússon)
- Hafrannsóknastofnun: Nytjastofnar sjávar 1998/1999. Aflahorfur fiskveiðiárið 1999/2000". Fjölrit nr. 72. (Sigfús Schopka)
- "Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 17. september 1999. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar". (JV)
- Töflur yfir eldsneytisnotkun áráanna 1983-98. (JV)
- Myndir um eldsneytisnotkun og spá frá 1995. (JV)
- "Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 17. september 1999. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)
- Raforkunotkun 1999, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)
- "Minnisblað vegna fundar orkuspárnefndar 17. september 1999". Jarðvarmahópur Orkuspárnefndar (JV)